

5. fundur skólanefndar 16. mars 2010, kl. 13:30 í fjarfundarbúnaði bæjarskrifstofunni Ólafsfirði og bæjarskrifstofunni Siglufirði.

Mættir: Jóna Vilhelmína Héðinsdóttir formaður, Helgi Jóhannsson, Bergþór Morthens, Lára Stefánsdóttir skólameistari, Hildur Ösp Gylfadóttir og Jónína Magnúsdóttir.

Formaður setti fundinn, bauð nýjan skólameistara velkominn til starfa og kynnti dagskrá fundarins.

Dagskrá:

1. Hlutverk skólanefndar

Skólameistari fór yfir hlutverk skólanefndar skv. 5. gr. laga um framhaldsskóla. Nefndarmenn ræddu skilning sinn á hlutverki nefndarinnar. Ákveðið var að funda hálfsmánaðarlega til að byrja með, á fimmtudögum kl. 14.30. Stefnt er að því að nýta fjarfundarbúnað á bæjarskrifstofunum Siglufirði og Ólafsfirði.

2. Fjármál skólans, staða

Skólameistari sagði skólann eiga 62 milljónir í stofnkostnað. Hann greindi frá kostnaðarskiptingu við rekstur skólans fram að þessu. Til rekstrar er 22,3 milljón króna fjárveiting á fjárlögum 2009 og 62,9 milljónir króna á fjárlögum 2010. Áætlað er að 80-90% af rekstri verði launakostnaður. Áætlun gerir ráð fyrir 45 ársnemendum og að hver nemandi taki 17,5 einingar, þ.e. 35 einingar á ári.

3. Húsnæði skólans

Formaður fór yfir stöðuna í húsnæðismálum skólans. Nefndin bókar eftirfarandi: „Skólanefnd Framhaldsskólans við utanverðan Eyjafjörð óskar eftir upplýsingum frá byggingarnefnd framhaldsskólans um hvert væntanlegt húsnæði skólans verður, vegna undirbúnings skólahalds fyrir næsta skólaár. „

Ákveðið að formaður sendi bókunina til nefndarmanna í byggingarnefnd skólans.

4. Námskrá

Skólameistari leggur til að námsframboð skólans verði í samræmi við nýja námskrá framhaldsskóla samkvæmt nýjum lögum um framhaldsskóla. Stefnt er að almennri námsbraut, tveimur stúdentsprófsbrautum, þ.e. félags- og náttúruvísindabraut, ásamt námsbrautum sem snúa að útivist, ferðaþjónustu, lýðheilsu, menningu, listum og fisktækninámi. Nefndarmenn samþykktu hugmyndir skólameistara.

5. Nafn skólans

Skólameistari leggur til að óskað verði eftir því við ráðherra að skipta um nafn á skólanum og að nýtt nafn verði Menntaskólinn á Tröllaskaga. Nefndarmenn samþykktu tillöguna.

6. Vefur og kynningarefni

Skólameistari leggur til að lénið mtr.is verði lén skólans. Lögð voru fram fyrstu drög að merki fyrir skólann. Ákveðið að nota vefumsjónarkerfi STEFNU. Nefndarmenn samþykkja að skólameistari vinni áfram að hugmyndunum.

7. Önnur mál

Skólameistari stefnir að fyrstu kynningum á skólanum á meðal grunnskólanemenda á Dalvík, Ólafsfirði og Siglufirði í næstu viku.

Fundi slitið kl. 15.30

Jónína Magnúsdóttir ritari.

1. Hlutverk skólanefndar

5. gr.
Skólanefndir.

Ráðherra skipar skólanefnd við framhaldsskóla til fjögurra ára í senn. Í skólanefnd skulu sitja fimm einstaklingar. Tveir eru skipaðir samkvæmt tilnefningum sveitarstjórna og þrír án tilnefningar. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Nefndin kýs sér formann til eins árs í senn. Áheyrnarfulltrúar eru þrír með málfrelsi og tillögurétt, einn tilnefndur af kennarafundi, einn af nemendafélagi skólans og einn af foreldraráði, til eins árs í senn. Skólameistari situr fundi skólanefndar með málfrelsi og tillögurétt. Hann er framkvæmdastjóri nefndarinnar.

Hlutverk skólanefndar er að:

- a. marka áherslur í starfi skólans og stuðla að sem bestri þjónustu við íbúa á starfssvæði skólans og tengslum hans við atvinnu-, félags- og menningarlíf,
- b. vera skólameistara til samráðs um námsframboð skóla,
- c. staðfesta skólanámskrá að fenginni umsögn almenns skólafundar og fylgjast með framkvæmd hennar,
- d. veita skólameistara umsögn um árlega starfs- og fjárhagsáætlun í samræmi við niðurstöður fjárlaga og fylgjast með framkvæmd hennar,
- e. vera skólameistara til samráðs um fjárhæð þeirra gjalda sem skólameistari ákveður skv. 45. gr.,
- f. vera skólameistara til samráðs um samninga sem viðkomandi skóli gerir,
- g. vera skólameistara til samráðs um starfsmannamál,
- h. veita ráðherra umsögn um umsækjendur um stöðu skólameistara.

2. Fjármál skólans

Stofnkostnaður	Ár	Fjárveiting	Notað	Staða
	2009	33	3,62	
	2010	33	0,03	
		<u>66</u>	<u>3,65</u>	<u>62,35</u>

Rekstrarkostnaður	Ár	Fjárveiting	Notað	Staða
	2009	23	23,1	
Áætlun	2010	62,9		
Sértekjur	2010		0,3	
		<u>85,9</u>	<u>23,4</u>	<u>62,5</u>

Allar tölur í milljónum króna

Athugið:

Birt með fyrirvara, kostnaður vegna vorannar 2010 er ekki kominn inn en ekki virðist búið að taka af rekstrarkostnaði fyrir þetta ár.